

30. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 22.maí 2015 kl. 9:40 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Sigríður Salmansdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi kennara, fulltrúar nemendaráðs þau Guðmundur Árni Andrésson, Hólmfríður Sturludóttir og Hilmar Halldórsson, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt samhljóða.

2. Uppgjör skólaársins.

Á fundinn er nemendaráð skólans boðað, þ.e.a.s. fulltrúar úr 8.-9.bekk þar sem 10.bekkur er í starfskynningu þennan dag.

Farið yfir skólaárið. Hvað hefur tekist vel og hvað má laga þegar horft er til skólastarfsins.

Niðurstaða fundarmanna er eftirfarandi:

Það sem vel hefur tekist:

- -nemendaskápar fyrir nemendur unglíngadeildar
- -samstarf við bókasafnið, sérstaklega góð samvinna milli bókasafns og nemenda 10. bekkjar
- -verkefnatímar eru vel nýttir og nemendur ánægðir með þá tíma og aðgang að kennurum í þeim tímum
- -unglíngadeildin hefur nú aðgang að sparkvelli og útisvæði í frímínútum
- -hlustað á raddir unglínganna varðandi félagsmiðstöðina Neon en nemendaráð beitti sér fyrir breytingum þar
- -nemendur eru ánægðir með það val sem í boði er í skólanum

Það sem betur má fara:

- -skipta sparkvellingum til helminga næsta vetur og þá geta unglíngarnir haft helminginn og yngri deildin hinn helminginn í öllum frímínútum
- -nemendakönnunn Skólalúlsins sýndi að nemendur unglíngadeildar upplifa agaleysi og hávaða í kennslustundum
- -athuga með hvort hægt væri að skipuleggja heimanámsaðstoð á bókasafninu næsta vetur eins og hugmyndir voru uppi um nú í vetur en urðu ekki að veruleika
- -aðgangur að tölvum oft vandamál fyrir kennara. Stofan ýmist upptekin eða það að ekki eru nógu margar tölvur fyrir heila bekk

3. Hugmynd um námsnefnd á unglíngastigi á næsta skólaári.

Skólastjóri mun leggja til að næsta skólaár verði sett á laggirnar sérstök námsnefnd á unglíngastigi. Nefndinni er ætlað að fjalla um nám og kennslu og í henni sætu 3 nemendur (1 úr hverjum bekk) auk skólastjóra og eins kennara af unglíngastigi. Kennarinn myndi þó einungis sitja annan hvorn fund. Fundað yrði á tveggja vikna fresti.

4. Aðalfundur foreldrafélags.

Aðalfundur foreldrafélagsins hefur verið boðaður miðvikudaginn 27. maí kl. 17 í skólahúsinu við Norðurgötu.

5. **Ytra mat á skólastarfi.** Borist hefur bréf frá Námsmatsstofnun þar sem fram kemur að Grunnskóli Fjallabyggðar sé einn þeirra grunnskóla sem verða í ytra mati Mennta- og menningamálaráðuneytis næsta vetur. Starf skólans verður metið á tímabilinu ágúst 2015 – nóvember 2015.

6. Mönnun skólaráðs fyrir næsta skólaár – eru breytingar?

Rætt um mönnun skólaráðs fyrir næsta vetur en í lögum kveður á um að fulltrúar í ráðinu skulu sitja í 2 ár. Því liggur það fyrir að Arnheiður Jónsdóttir mun sitja áfram sem fulltrúi kennara og Hrönn Hafþórsdóttir og Berglind Hrönn Hlynsdóttir munu sitja áfram sem fulltrúar foreldra. Sigurður Ægisson hefur nú setið í tvö ár í ráðinu og fer þar af leiðandi úr ráðinu. Stefnt er að því að finna nýjan fulltrúa foreldra í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins í næstu viku.

7. Önnur mál.

- rætt um samfélagsfræðikennslu í skólanum og hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir í unglíngadeild eftir fyrirspurn frá nemanda
- rætt um upplýsingamennt og þá vankanta að ekki er hægt að fara með heila bekki í tölvuver, þ.e. ekki eru nógu margar tölvur fyrir nemendur. Eins mikilvægi þess að láta nemendur vinna verkefni sem krefjast ákveðinnar þekkingar á bæði Word og Exel.
-

Fundi slitið kl. 10:45

Guðrún Unnsteinsdóttir